



# FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

ÍSLENSKA 2026

Próftími 90 mínútur

Nafn : \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Kennari: \_\_\_\_\_

Hjálpargögn: Þið megið nota Stafsetningarorðabók.

Til athugunar: Prófið er á 11 tölusettum síðum auk forsíðu.



## Prófið skiptist í þessa 8 kafla:

	Blaðsíða
I. Krossaspurningar um UNGFRÚIN GÓÐA OG HÚSIÐ (8 %)	3
II. Krossaspurningar um Mávahlátur (10%)	5
III. Setningafræði (14 %)	6
IV. Orðatiltæki og að umorða, mynda eðlilegar setningar (18 %)	6
V. Kyrhausinn (18 %)	8
VI. Setningafræði, verkefni og krossaspurningar (16 %)	10
VII. Frásögn, lestur og lesskilningur	11
VIII. Ritun (16 %)	13


Prófið er á 11 síðum auk forsíðu, athugaðu hvort þú sért með þær allar.

- ❖ Lestu vandlega yfir allar spurningar áður en þú hefst handa við að svara.
- ❖ Mundu að vanda frágang og hafa í heiðri íslenskar stafsetningar- og málfarsreglur svo að hver setning komi þekkingu þinni til skila.
- ❖ Mundu að rökstyðja svörin, skrifa vel, vandlega og hafa þau skýr.
- ❖ Athugaðu að það er valspurning í síðusta kaflanum
- ❖ Vægi spurninga er mismikið og nýttu tíma þinn í samræmi við það.



Gangi þér vel og takk fyrir önnina.

Ellefi t sam r







1. Hver er sögumaður í Ungfrúin góða og Húsið (bókinni)?

- Hans
- Rannveig
- Embættismaður
- Elín

2. Hvað heita prófastdæturnar í sögunni Ungfrúin góða og Húsið?

- Elín og Rannveig
- Freyja og Agga
- Rannveig og Þuríður
- Aliette og Annie

3. Hver er Hans í sögunni Ungfrúin góða og Húsið?

- Hans er vinnumaður í Húsinu, í búð faktors
- Hans er búðarmaður í Byko
- Hans er eiginmaður Þuríðar
- Hans er skipstjóri á skipi sem heitir Freyja

4. Hvað heitir bærin sem sagan Ungfrúin góða og Húsið gerist í?

- Vestmannaeyjabær
- Eyvík
- Selfoss
- Hvolsvöllur

5. Hver er Magister Bøgelund og hver býr hann til í sögunni Ungfrúin góða og Húsið?

- Eiginmaður Elínar og Rannveig býr hann til
- Eiginmaður Þuríðar og Rannveig býr hann til
- Tilvonandi eiginmaður prestsins og Þuríður býr hann til
- Tilvonandi eiginmaður Rannveigar og Þuríður býr hann til

6. Síðan kemur skipið en það er enginn Magister Bøgelund. Hann er sagður dáinn. Hver segir það?

- Rannveig
- Elín
- Freyja
- Þuríður

7. Rannveig kemur heim kona ekki einsömul í sögunni Ungfrúin góða og Húsið, hvað hafði gerst?

- Hún kom með vini sínum
- Hún kom með hóp af aðdáendum
- Hún kom ólétt heim
- Hún kom Freyju heim

8. Hvert fer Andrés snikkari í sögunni?

- Til Vestmannaeyja
- Til Þýskalands og Ítalíu
- Til Ameríku
- Til Reykjavíkur



(10%)

9. Með hverjum kom Freyja á frumsýninguna?

- Magnúsi
- Birni Theodór
- Luther

10. Hver sagði þessi orð

„Merkilegt, og ég sem hélt að frúin elsaði ketti?“

- Freyja
- Björn Theodór
- Agga

11. Hver sagði þessi orð:

„Ég kann ekki hafa dem í kökkenet.“

- Hans
- Metta
- Andrés snikkari
- Bill

12. Hver sagði þessi orð:

„Ég vil sérklefa, /.../ ég sef ekki hjá þessum útmignu andskotum.“

- Jói Betu, þegar löggurnar tóku hann
- Magnús þegar Björn sá hann með Freyju
- Gauri sígrenjandi, þegar hann sá mávana

13. Hver sagði þessi orð:

„Tekið hef ég hvolpa tvo.“

- Bill
- Björn Theodór
- Luther





Finndu fall fallorða í textanum, segðu hver fallvaldurinn er og hvað setningarhlutinn heitir:  
Ég fór í heimsókn til gömlu konunnar um daginn. Ég las bókina. Björn keypti hestinn. Friðrik vann Áslaugu. Borðaðu matinn.

	fallorð	fall	fallvaldur	setningarhluti
1.	<u>heimsókn</u>	_____	_____	_____
2.	<u>(gömlu)konunnar</u>	_____	_____	_____
3.	<u>daginn</u>	_____	_____	_____
4.	<u>bókina</u>	_____	_____	_____
5.	<u>hestinn</u>	_____	_____	_____
6.	<u>Áslaugu</u>	_____	_____	_____
7.	<u>matinn</u>	_____	_____	_____



Lesið þennan texta og svarið krossaspurningum

6. Paraðu saman orðtak og þá merkingu sem þú telur rétta.

Settu rétt númer á línuna:

10 %

- |                                      |                              |
|--------------------------------------|------------------------------|
| 1. Látvaða á súðum                   | _____ draga sig í hlé        |
| 2. Hafa í fullu tré við einhvern     | _____ slíta sér út           |
| 3. Falla í stafi                     | _____ fara illa með líf sitt |
| 4. Hlaupa undir bagga með einhverjum | _____ ráðast á einhvern      |
| 5. Ganga sér til húðar               | _____ skerast í leikinn      |
| 6. Setjast í helgan stein            | _____ vera jafningi einhvers |
| 7. Taka í lurginn á einhverjum       | _____ hafa ekki gefist upp   |
| 8. Vera ekki af baki dottinn         | _____ verða mjög undrandi    |
| 9. Taka í taumana                    | _____ tala án þess að hugsa  |
| 10. Fara í hundana                   | _____ hjálpa einhverjum      |



## Lesið þennan texta og LEYSIÐ VERKEFNI HÉR FYRIR NEÐAN:

Rómeó og Júlía eftir Bubba Morthens er af plötunni Kona (1985). Textinn tekinn úr slíðurbæklingi með diskinum Bubbi. Sögur 1980-1990.

Uppi í risinu sérðu lítið ljós,  
heit hjörtu, fölnuð rós.  
Matarleifar, bogin skeið,  
undan oddinum samviskan sveið.

Hittust á laun, léku í friði og ró,  
í skugganum sat Talía.  
Hvítir hestar drógu vagninn með Rómeó,  
við hlið hans sat Júlía.

Þau trúðu á drauma myrkrið svalt,  
draumarnir tilbáðu þau.  
Fingurnir gældu við stálið kalt,  
lífsvökvann dælan saug.

Trúðu á drauma myrkrið svalt,  
draumarnir tilbáðu þau.  
Rómeó - Júlía,  
Rómeó - Júlía.

Draumarnir langir runnu í eitt,  
dofin þau fylgdu með,  
sprautan varð lífið, með henni gátu breytt  
því sem átti eftir að ske.

Pegar kaldir vindar haustsins blása,  
naprir um göturnar,  
sérðu Júlíu standa, bjóða sig hása  
í von um líf í æðarnar.

Uppi í risinu lágu og ófu sinn vef,  
óttann þræddu upp á þráð.  
Ekkert gat skeð því það var ekkert ef,  
ef vel var að gáð.

Því Rómeó villtist inn á annað svið,  
hans hlutverk gekk ekki þar.  
Of stór skammtur stytta þá bið  
inni á klósetti á óþekktum bar.

Hittust á laun, léku í friði ...

### SVARAÐU ÞESSUM SPURNINGUM OG LEYSTU VERKEFNIÐ:

1. Raðaðu setningunum í þremur erindum Rómeós og Júlíu í grundvallarorðaröð OG SKRIFAÐU EÐLILEGAR SETNINGAR, til dæmis: Þú sérð lítið ljós uppi í risinu o.s.frv.

2. Hvað eru margar sagnir í hverju erindi (nóg að greina 3 erindi)?

3. Hvað eru margar setningar í hverju erindi (eða hversu margar skrifaðir þú)?

1. \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_



Lestu textann hér að neðan og svaraðu svo spurningunum úr honum.  
Eftirfarandi kafli er úr sagnapætti um Gamla Pétursson í Krossanesi eftir Bólu-Hjálmar.

### Gamli bóndi fer í sauðaleit í Glerárdal

Dalur sá liggur í fjöll upp fyrir sunnan Kræklingahlíð, er Glerárdalur heitir. Úr honum kemur Glerá, er fellur niður til sjávar um Oddeyri, fyrir utan Akureyri. Dalur sá er alllangur suðvestur í fjöll. Skiptir hann sér að síðustu í tvö daldrög og liggur norðara dragið í vestur og að mestu saman við Bægisárdal að vestan. Hið annað dragið stefnir að sjá í suðvestur og liggja upp í það jökulfáðir stallar af megingalnum. Vita menn ei takmörk þess drags því það hefur fáum eða engum tekist að kanna til hlítar fyrir illviðri og daunfúlri þoku sem jafnan kemur á móti þeim og sögðu svo hinir eldri menn að þá er þeir voru ungir og voru í fjárgöngum á dalnum að þeir hefðu oft fundið þekktanlegan og sterkan kyndingar- og reykjardaun úr dragi þessu. Dalurinn er bæði búhagi og afréttur næstbúandi Hlíðarmanna. Þar á jörðin Ytra-Krossanes upprekstur frían frá fornöld.

Það var eitt haust að Gamla bónda í Krossanesi var vant 6 geldinga af Glerárdal. Var þeirra leitað og fundust eigi. Var svo komið tíma yfir göngur fram. Gamli kvað dalurinn mundi ótryggt genginn og mundi leynast í honum enn fé. Kvaðst hann því sjálfur mundu til fara, þá veður gæfist.

Litlu síðar bjóst Gamli heiman fyrir dag, einn manna, og gekk upp á dalinn. Er það langur tildragandi frá sjó neðan. Hann kannaði stöðvar allar um daginn og hið nyrðra drag og varð einskis var. Síðan hugði hann að kanna hið syðra dragið svo hann leitaði af sér grun allan. En er hann kom í neðanvert dragið kom móti honum illviðri og þoka svo andfúl að firnum sætti.

Litlu síðar sér hann hvar ókind nokkur kemur úr þokunni, ferleg að sjá. Var hún í kvenskri mynd, ógurleg að vexti og tröllsleg. Gamla leist ekki að bíða hennar, vissi heldur ekki hvað óvætta þar kynni fleira eftir koma. Setti því á rás undan og heim eftir dalnum. Tröllkonan kallaði með bergmálsröddu og bað hann bíða sín en honum leist það óvænlegt og hélt undan. Fór hann þá sem fætur toguðu og sá hvar hún kom á eftir og var heldur gleiðstíg. Hann hljóp allt hvað kraftar leyfðu og hvar hann sá sér færri kastaði hann bolfötum að létta sig. Gekk þannig heim á miðjan dal.

Þá sá Gamli að saman dró svo með þeim að flagðkonan hafði þegar náð honum. Tók hann þá það ráð að hann snerist móti henni og þreif karlmannssköp sín upp úr brókunum og hristi þau móti flagðkonunni. Hún stansaði við og horfði á um stund. Skók hún þá hausinn og mælti síðan: „Svei því sem ónýtt er og kalla ég þá konu lítt stadda er á þig!“ Hrækti hún þá til hans og snautaði til baka. Sáust þau ei síðan.

Gamli kom heim um kvöldið mjög þreyttur. Þótti honum ferð sín óríflæg og undi illa við. Litlu síðar fundust geldingar hans á framanverðum Bægisárdal.



1. Hvað einkennir setningaskipan í textanum?

- langar og flóknar málsgreinar
- mikið um aukasetningar
- mikið um framskipun sagnorða
- mikið um lýsandi lýsingarorð

4 %

2. Syðri daldrög Glerárdals

- enda í jökulstöllum.
- eru hulin eldi og brennisteini.
- eru óþekkt og þoku hulin.
- ná yfir í Bægisárdal.

2 %

3. Gamli fór inn á Glerárdal

- að leita nautgripa.
- að leita nýgeltra hrossa.
- í sauðaleit eftir göngur.
- til að fara í göngur.

2 %

4. Hvers vegna taldi Gamli geldingana enn vera í dalnum?

- Ekki hafði verið leitað nógu vel í dalnum.
- Erfitt var að leita í dalnum.
- Mjög hált var í dalnum
- Þar týndist aldrei fé.

2 %

5. Tröllskessan

- hafði breytt geldingunum í ókindur.
- kom fram úr þokunni í syðra draginu.
- kom æðandi úr nyrðra daldraginu.
- var skelfilega andfúl.

2 %

6. Gamli

- beraði afturendann fyrir skessunni.
- hræddist skelfilega rödd konunnar.
- mætti örlögum sínum óhræddur.
- sá að hann gæti ekki flúið skessuna á hlaupum.

2 %

7. Tröllkonan

- sagði að Gamli væri lítt vaxinn niður.
- sagði að kona hans væri vel stödd.
- var afskaplega brókarsjúk.
- þráði samneyti við mennska menn.

2 %

8. Hvað kemur fram í lýsingu höfundar um hugmyndir fólksins um dalinn?

- Þar er oftast vont veður.
- Þar halda dularfullar verur til.
- Þar týnist fé á hverju ári.
- Þar voru áður sveitabæir.

2 %



(16 %)

4 %

1. Búið til setningar þar sem orðið stóll kemur fyrir sem:

1) FRUMLAG:

---

2) ANDLAG:

---

3) EINKUNN:

---

4) HLUTI AF FORSETNINGARLIÐ:

---

Forsl. (forsl.) = forsetningarliður  
us. = umsögn  
andl. = andlag  
frl. (Frl.) = frumlag  
sf. = sagnfylling  
avl. = atviksliður

12 %

2. Búið til setningar sem settar eru svona saman:

I) Frl. + us. + avl.

---

II) Frl. + us. + andl.

---

III) Frl. + us. + sf.

---

IV) Frl. + us. + forsl.

---

V) Forsl. + us. + frl. + andl.

---



## AÐ TAKA AFSTÖÐU OG MYNDA SÉR SKOÐUN

Í daglegu lífi eru fjölmörg málefni sem varða okkur beint og óbeint sem við verðum að taka afstöðu til og mynda okkur skoðun á. Þótt margir séu fámálir um skoðanir sínar er enginn skoðanalaus og nútímasamfélag gerir ríkar kröfur um að við tökum afstöðu til fjölmargra hluta. Enginn framhaldsskólanemi kemst hjá því að mynda sér skoðun og taka afstöðu til fjölda mála í námi sínu. Slíkt er gert í enn ríkara mæli í öllu námi á háskólastigi.

Í eftirfarandi textabrotum eru umfjöllunarefnin af ýmsum toga og á þeim eru margar hliðar. Öll snerta þau okkur á einhvern hátt og skoðanir okkar á hverju og einu þeirra efna mótast meðal annars af reynslu okkar, þroska og víðsýni.

## Framhaldsskólanemendur falla í fjármálalæsi

Pekking 18 ára framhaldsskólanemenda á fjármálum í Kastljósi Ríkissjónvarpsins 1. júní 2005 ræddi Eyrún Magnúsdóttir við Breka Karlsson, viðskiptafræðinema í HR, og Margréti Jónsdóttur, dósent í HR, leiðbeinanda hans, um það sem nefnt var „fjármálalæsi“. Með hugtakinu er átt við getu til að lesa, greina og fjalla um það sem viðkemur fjármálum til að geta tekið upplýstar ákvarðanir.

Rannsóknarverkefni Breka byggðist á svörum um það bil 650 framhaldsskólanema sem spurðir voru spurninga um meðferð fjármuna og fjárhagsskuldbindingar þeirra.

Meginniðurstaðan var sú að framhaldsskólanemar stæðust ekki kröfur um fjármálalæsi.

Í könnuninni kom meðal annars fram að:

- 17,5% framhaldsskólanema eru með yfirdrátt í bönkum.
- Meðaltalsyfirdráttur er 146.000 kr. Algengasta upphæð er 50.000 kr.
- Hæsti yfirdráttur var 600.000 kr. sem 18 ára stúlka hafði.



Einnig kom fram að:

- 23,7% framhaldsskólanema eru með mánaðarlegar afborganir af lánum.
- 13% þeirra hafa lent í vanskilum með afborganir.
- 72,4% þeirra hafa aldrei reynt að fylla út skattframtalið.
- 63 % þeirra vita ekki hvað það þýðir að taka gengistryggt bílalán.
- 45% framhaldsskólanema vilja meiri fjármálakennslu.

Telja má víst að mjög ólíkar skoðanir séu á þeim upplýsingum sem hér koma fram. Líklegt er að margir fullorðnir séu á öndverðum meiði við þá sem yngri eru. Einnig má ganga að því sem vísu að skoðanir framhaldsskólanema á þessum upplýsingum séu mjög ólíkar. Staðreyndirnar tala þó sínu máli og vekja upp ýmsar spurningar. Til dæmis má velta fyrir sér til hvers yfirdrátturinn sé mestmegnis notaður. Er líklegt að flestir nýti hann til tölvukaupa? Er þá réttlætanlegt að framhaldsskólanemar nýti yfirdrátt til að kaupa tæki, eins og tölvur, sem nýtast þeim í námi? Er réttlátt að skólar eða kennarar krefjist þess að nemendur hafi með sér fartölvur í tímum? Getur talist eðlilegt að allstór hópur framhaldsskólanema hafi lent í vanskilum með afborganir? Er líklegt að þeir sem þannig er ástatt um geti stundað nám með eðlilegum hætti?

Þjóðfélagið leggur einstaklingum þær skyldur á herðar að fylla út skattskýrslu á hverju ári. Hvaða ályktun má draga af því að mikill minnihluti framhaldsskólanema tekst á við þá kvöð? Liggur sökin hjá hinu opinbera af því að framtalið er of flókið? Er eitthvað að í skólakerfi eða hjá uppalendum þeirra unglunga sem mega stofna til skuldbindinga við bílakaup en vita ekki hvað það merkir að taka gengistryggt bílalán? Hvers vegna er ekki boðið upp á markvissari kennslu í meðferð fjármuna í skólum? Hverjir eru líklegir til að hagnast á fáfræði framhaldsskólanema um fjármál?



Veljið **eina** spurningu af þremur!

Reynið að skipuleggja ritgerðina í samræmi við matspætti

Umfjöllunarefni:

Hvaða skoðun hefur þú á þeim upplýsingum sem koma fram í textanum um

**Framhaldsskólanemendur falla í fjármálalæsi?**

Láttu koma skýrt fram skoðun þína á því að liðlega fjórði hver átján ára framhaldsskólanemi var árið 2005 með mánaðarlegar afborganir af lánum.

Semjið inngang þar sem efnið er kynnt og afmarkað á ákveðinn hátt. Rökstyðjið síðan mál ykkar í 3 - 4 efnisgreinum (3 - 7 línur hver). Að lokum semjið síðan niðurstöðu. Skrifið á allar línur, ekki vera nísk á ykkar þekkingu (þið megið fá aukablöð). Matspættir eru eftirfarandi:

Efnið er afmarkað, almennt orðað í upphafi	2 stig
Bygging efnisgreina	4 stig
Skipulag meginmáls, röksemdir, dæmi til rökstuðnings	5 stig
Er skýr niðurstaða í lokin?	2 stig
Málfar og stafsetning	3 stig









